



Fundargerð

Fundur í skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykholahrepps
mánudaginn 11. júní 2012, kl. 10:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson formaður Herdís Matthíasdóttir og Egill Sigurgeirsson. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er þrjár blaðsíður.

Formaður setti fundinn, bauð fólk velkomið.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1102005 – Deiliskipulag Tröllenda í Flatey

Tillaga að nýju deiliskipulagi Tröllenda í Flatey.

Óskað var umsagnar frá eftirtöldum stofnunum, Umhverfisstofnun, Breiðafjarðarnefnd, Fornleifavernd, Heilbrigðisfulltrúa Vestfjarða, Orkubúi Vestfjarða, Vatnsveitu Flateyjar. Tvær umsagnir hafa borist.

Alls bárust 14 athugasemdir á auglýstum tíma. Skipulagsfulltrúa falið að fara yfir athugasemdirnar. Samþykkt samhljóða.

2. 1106002 – Breyting á aðalskipulagi 2006-2018 vegna deiliskipulagstillögu Þórisstöðum.

Umsagnar var leitað til Umhverfisstofnunar, Vegagerðar ríkisins, Fornleifaverndar, Landbúnaðarráðuneytisins og Heilbrigðisfulltrúa Vestfjarða, aðeins hefur borist umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða.

Engar athugasemdir bárust á auglýstum tíma.

Nefndin samþykkir skipulagið, með fyrirvara um jákvæðar umsagnir þeirra stofnanna sem eiga eftir að skila umsögnum. Samþykkt samhljóða.

3. 1205022 –V3 á aðalskipulagi Reykholahrepps 2006 - 2018, umsókn um byggingalóð

Erindi frá Ísland, hvar er þín fornaldarfrægð ehf. móttakið 16. maí 2012, vísað til nefndarinnar á fundi hreppsnefndar 16. maí 2012, vegna byggingar iðnaðar- verslunarhúsnæðis.

Nefndin samþykkir að úthluta óstofnaðri lóð, innan svæðis merkt V3 á aðalskipulagi Reykholahrepps 2006 – 2018 til Ísland, hvar er þín fornaldarfrægð, ehf. Framkvæmdaráætlun skal liggja fyrir innan 6 mánaða. Verði framkvæmdir ekki hafnar innan árs, fellur úthlutun úr gildi. Samþykkt samhljóða.

4. 1206004 –Suðurbraut 3 óstofnuð lóð, umsókn um byggingalóð

Umsókn frá Jóni Árna Sigurðssyni, Gullsteini móttækin 6. júní 2012 vegna byggingar iðnaðarhúsnæðis.

Nefndin samþykkir að úthluta lóð, Suðurbraut 3 til Jóns Árna Sigurðssonar. Verði framkvæmdir ekki hafnar innan árs fellur úthlutun úr gildi. Samþykkt samhljóða.

5. 1206005 – Hólatröð 5 213213 og Hólatröð 7 213215, umsókn um byggingalóð.

Umsókn frá Trésmiðjunni Akri ehf. dagsett 24. maí 2012 vegna byggingar parhúss á lóðunum.

Nefndin samþykkir að úthluta lóðum Hólatröð 5 og 7 til Trésmiðjunnar Akurs ehf. Verði framkvæmdir ekki hafnar innan árs fellur úthlutun úr gildi. Samþykkt samhljóða.

6. 1206031 - Grænigarður 139761, byggingaleyfi.

Umsókn frá Helga Björgvini Haraldssyni og Höllu Dís Hallfreðsdóttur móttækin 23. maí 2012 vegna viðbyggingar.

Nefndin samþykkir framkvæmdir á matshl. 01, en frestar afgreiðslu á matshl. 02 þar til gildistaka nýs deiliskipulags fyrir Tröllenda liggur fyrir. Misræmi er á stærð lóðar skv. teikningu arkitekts. Samþykkt samhljóða.

7. 1206032 - Gufudalsland 6 219796, breyting á nafni lóðar.

Erindi frá Styrmi Sæmundssyni og Jóhönnu Ösp Einarsdóttur dagsett 9. maí 2012, þar sem óskað er eftir að nafni lóðarinnar verði breytt í Kaplaskjól.

Erindið samþykkt samhljóða.

8. 1206033 – Kötluland 139665, samningur um endurheimtur á votlendi.

Erindi frá Vegagerð ríkisins dagsett 7. júní 2012, þar sem óskað er eftir samvinnu við sveitarfélagið um endurheimtur á votlendi í landi Reykhólahrepps, samningsdrög.

Nefndin leggur til við hreppsnefnd að samþykkja erindið. Hafa þarf samráð við Skógræktarfélagið Björk vegna samnings um skógrækt á landi fyrir austan þorpið. Samþykkt samhljóða.

9. 1206034 – Vegstæði 219906. Karlseyjarvegur, Mávavatnsvegur, niðurfelling af vegaskrá

Erindi frá Vegagerð ríkisins dagsett 16. maí 2012, þar sem tilkynnt er um niðurfellingu á Karlseyjarvegi og Mávavatnsvegi af vegaskrá.

Nefnin leggst gegn áformum um niðurfellingu ofangreindra vega af vegaskrá. Karlseyjarvegur liggur í gegnum þéttbýlið Reykhóla á skilgreindu veghelgunarsvæði í eigu Ríkissjóðs, að höfn og atvinnustarfssemi, þungaflutningar fara um veginn. Mávavatnsvegur liggur að lögbýli utan þéttbýlis. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar:

10. 1112016 – Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa frá skipum.

Drög að áætlun Reykhólafnar.

Kynnt.

11. 1205005 – Fundargerð 346. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands 16. maí 2012.

Kynnt.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

12. 1206035 – Mávavatn 204507, umsókn um byggingaleyfi.

Erindi frá Agli Sigurgeirssyni dagsett 11. júní 2012.

Erindinu vísað til byggingafulltrúa til afgreiðslu. Samþykkt samhljóða.

13. 1201002 – Reykhólahöfn, umsókn um byggingalóð.

Umsókn Áhugamannafélags um Bátasafn á Breiðafirði um lóð, tillaga að lóð. Skipulagsuppdráttur liggur fyrir, sem unnin er af Landmótun.

Nefndin samþykkir tillöguna, og vísar henni til grenndarkynningar skv. 44. gr. skipulagslaga 2010 nr. 123. Samþykkt samhljóða.

14. 1206036 – Efnistaka, framkvæmdaleyfi og mat á umhverfisáhrifum.

Erindi frá Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun dagsett 5. júní 2012.

Kynnt.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 13:55

_____	_____
_____	_____
_____	_____